# Tómstundabæklingur

## Dalabyggðar 2015

# Upplýsingarit um Tómstundastarf fyrir alla

## Aldurshópa, Vor 2015



# Efnisyfirlit


Skátafélagið Stígandi .................................................... 4

Glímufélag Dalamanna.................................................... 6

Körfubolti / Handbolti.................................................... 6

Badmintonæfingar ......................................................... 7

Meistaraflokkur.............................................................. 7

Ræktin Óli Pá................................................................. 8

Félag eldri borgara ....................................................... 10

Hestafél- Glaður ............................................................ 11

Knattspyrna ................................................................... 11

Félagsstarf skólans......................................................... 12

Sund/Blak ..................................................................... 12

Hreysið félagsmiðsstöð.................................................. 13

Íþróttamiðstöðin að Laugum.......................................... 14



*Útgefandi: Dalabyggð*

*Ritstjóri: Guðni Albert Kristjánsson*

*Grafískur hönnuður og Umbrot: Guðni Albert Kristjánsson*

*Ljósmyndir: Guðni Albert Kristjánsson Jóhanna L. Brynjólfsdóttir*

*Skátafélagið Stígandi og fleiri.*


Ungmennafélag Íslands

- ræktun lýðs og lands frá 1907



# Skátafélagið Stígandi

Vordagskráin var afhent á fyrsta fundi. Verð er 8.000 kr og veittur er 2.000 kr systkinaafsláttur fyrir annað barn. Nýir meðlimir eru velkomnir og frítt er að mæta á fyrstu tvo fundina til að prófa. Þeir sem ætla að taka pásu eða hætta í skátunum vinsamlega látið foringja vita, annars er gert ráð fyrir að allir mæti. Til að foreldrar geti fylgst með skátastarfinu er mikilvægt að rétt netföng séu skráð og mikilvægt að tilkynna breytingar á netföngum. Fréttabréf verða send rafræn á netföng foreldra og tilkynningar settar á facebook síðu félagsins. Þá verða allar sveitir með hóp á facebook, sem foreldrum er velkomnir að vera aðilar að. Einnig ætlast félagið til að foreldrar leggi lið á vorönninni við einn skipulagðan viðburð, flesta vegna félagsútilegu á Laugum í lok febrúar. Ef að foreldrar komast ekki til að aðstoða þá helgi verða önnur verk til að taka þátt í. Skráningarblað þar sem foreldra velja verkefni til að leggja lið í vetur verður sent á foreldra eftir fyrsta fund. Í félagsútileguna koma skátar frá Grundafirði, en farið var í útilegu til þeirra í febrúar 2014 og þar sáu foreldrar Grundfirðinga um allar vaktir. Félagsútilegan er að Laugum helgina 27. febrúar - 1. mars. Drekaskátar koma þó bara í dagsferð á laugardeginum.













Foringjar á vorönn 2015
Drekaskátar 3.-4. bekkur. Kristján Meldal og Aníta.
Fálkaskátar 5.-7. bekkur. Þórey, Unnur og Anna Magga.
Dróttskátar 8.-10. bekkur. Elísabet og Helga Elínborg.



## Glímufélag Dalamanna

Skipulag glímusambandsins er þannig að engin mót eða æfingabúðir eru í boði fyrir krakka yngri en 11 ára þar af leiðandi hefur aðal áherslan verið lögð á þann aldurshóp og eldri hjá glímufélagi Dalamanna. Glímuæfingar hafa venjulega verið á fimmtudögum klukkan 17:00, en þar sem mikill áhugi er á yngsta stig fyrir glímu var ákveðið að færa glímuæfingarnar og hafa þær á þriðjudögum klukkan 13:45 til 14:30 í Dalabúð fyrir 1. – 4. bekk. Með þessu er von okkar að glímuáhuginn í Dölunum viðhaldist og við verðum með sterkan hóp glímukrakka þegar



fram í sækir. Til að barnið ykkar geti verið með þarf að skrá það á æfingar hjá Önnu Siggu á póstfangið annaogpalmi@gmail.com Mikilvægt er að barnið átti sig á skuldbindingunni sem því fylgir að vera skráður. Þetta er ekki gæsla heldur skipulögð starfsemi. Þetta er gjaldfrjáls þátttaka.

## Badmintonæfingar

Það verður boðið uppá Badminton/hnitnámsskeið í vetur sem verður einusinni í viku í 5 vikur. Námsskeiðið verður haldið í íþróttahúsinu að Laugum frá 19. Febrúar og út mars, 19. Mars verður þó frí þar sem árshátíð skólans er sama dag. Æfingarnar verða klukkutími til einn og hálfur tími og í boði fyrir 5 - 10 bekk. Þjálfari verður Jörgen. Námsskeiðið kemur til með að kosta 2.000 kr. sundlaugin verður opin á æfingartíma og eftir æfingu. Frítt verður að fara í sund fyrir iðkendur eftir æfingu. Það þarf að skrá sig í tíma með því að senda vefpóst



á tomstund@dalir.is í síðasta lagi fyrir 12. Febrúar.

## Körfubolti / handbolti

Körfubolta- eða handbolta-námskeið (fer eftir áhuga þátttakenda) verður í boði á vegum ungmennafélaganna í íþróttahúsinu að Laugum fyrir krakka í 5. - 10. bekk. Æfingarnar verða á fimmtudögum 29. janúar – 19. febrúar (4 skipti) kl. 16:00 – 17:00. Ekki verður rukkað þátttökugjald fyrir þessar æfingar. Leiðbeinandi verður Guðni Albert Kristjánsson og fer skráning fram hjá honum í síma 849 7336 eða á netfanginu udn@udn.is Við skráningu þarf að koma fram nafn og aldur barns ásamt







netfangi foreldra. Munið að fyrir iðkendur er frítt í sund eftir æfingu.

## Meistaraflokkur

Meistaraflokkur UDN mun taka yfir bumbuboltann og verður haldinn á Laugum í Sælingsdal í vetur og eru allir hvattir til að koma í það minnsta einu sinni og prófa að vera með. Leikin er venjulegur innanhúsfótbolti þar sem mestu skiptir að hafa gaman af og vera í góðum félagsskap. Æfingarnar verða á mánudögum og miðvikudögum Kl: 19:00 og frítt í pottinn eftir. Hægt er að fylgjast með hópnum á Fésbókinni undir Meistaraflokkur UDN. Ef menn vilja forvitnast frekar um þennan gæfulega félagsskap þá er hægt að hafa samband við



þjálfarann Guðna Albert Kristjánsson í síma 849-7336 eða senda á udn@udn.is



# Ræktin Óli pái

Umsjón er

896 - 8315

*ibba@simnet.is*

Ungmennafélagið Ólafur pái rekur æfingasal að Vesturbraut 20. Hlaupabretti – stigvélar – hjól – boxpúði – lóð og fleiri tæki.

25% afsláttur fyrir eldri borgara. Lykillinn gildir fyrir alla fjölskylduna. Allir sem æfa í salnum eru að æfa á eigin ábyrgð. Börn yngri en 14 ára verða að vera í fylgd með fullorðnum. Ungmenni 14-18 ára verða að vera með leyfi foreldra til að æfa ein í salnum. Það er á ábyrgð foreldra að börnin kunni að meðhöndla tæki og tól í salnum.





**Áskriftarleiðir:**

1. 3 mán. 6.500kr.
2. 6 mán. 9.500 kr.
3. 12 mán.16.000 kr.





**Vertu með í vetur!**

Pantanir á áskrift eru hjá Ingibjörgu Jóhannsdóttur. Eða Jóhönnu Lind Brynjólfsdóttur 849 - 5684.

**Skil á lyklum**

Ef einhverjir eru með lykla sem eru ekki í notkun endilega komið þeim til skila til umsjónamanns.





**Styrkur til líkamsræktar**

Flest Stéttarfélög endurgreiða að fullu eða að hluta til líkamsræktarkort.



## Félag eldri borgara

Dagskrá Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi er nú komin út. Félag eldri borgara er opið 60 ára og eldri og mökum þeirra, þó þeir séu yngri. Ýmis fríðindi fylgja félagsaðild, þ.e. afsláttur hjá mörgum verslunum og þjónustu, bensíni og fleira. Nýir félagar eru velkomnir og bent á að hafa samband við Þrúði Kristjánsdóttur í síma 434 1124 eða 894 1824.

### Gönguhópur

Gönguhópurinn gengur alla mánudaga og föstudaga. Mæting er hjá Samkaupum kl. 10:30. Kaffisopi er síðan í Silfurtúni að göngu lokinni. Þriðjudagskaffisopinn verður á sínum stað á Silfurtúni kl. 10:30 í boði Silfurtúns.

### Sælingsdalslaug

Frítt er í sund á Laugum á þriðjudögum. Farið er kl. 15:15 frá plani við RK húsið og reynt að sameinast í bíla.

### Tækjasalur UDN

Tækjasalur UDN er opinn frá kl. 11:45-12:45 á miðvikudögum fyrir eldri borgara.

### Kór eldri borgara

Kórinn æfir kl. 17 á mánudögum í tónlistarskóla.

### Samvera

Samvera verður á fimmtudögum kl. 13:30-16:00. Þegar farið er frá Búðardal í Tjarnarlund eða Reykhóla er farið frá Leifsbúð kl. 13. Komið er við á Skriðulandi. Reykhólafólk, sameinist í bíla til Búðardals og í Tjarnarlund. Öll ferðalög eru með fyrirvara um veður og færð. Reynt verður að hafa eitthvert námskeið á vorönninni, en vita þarf um áhuga og þátttöku áður en hafin er vinna við skipulagningu. Eins verður athugað með leikhúsferð.

### Dagskrá

5. febrúar Félagsvist og kaffi í Leifsbúð.

12. febrúar Lestur úr nýjum bókum og kaffi í Leifsbúð.

19. febrúar Bingó í Tjarnarlundi.

26. febrúar Spurningakeppni og kaffi í Leifsbúð

5. mars Félagsvist á Silfurtúni.

12. mars Aðalfundur, bingó og kaffi í Leifsbúð.

19. mars Félagsvist og kaffi í Tjarnarlundi.

26. mars Heimsókn á Byggðasafn Dalamanna og kaffi.

9. apríl Heimsókn í Barmahlíð, kórinn syngur og bingó.

16. apríl Lokasamkoma með dagskrá og kaffi í Leifsbúð.

Kaffi og með því kostar 500 kr. og bingóspjald 500 kr.



## Glaður

Reiðnámskeið, Randi Holaker ætlar að koma og vera með reiðnámskeið hjá okkur í vetur. Randi þekkja flestir enda hefur hún mikið verið að keppa og kenna síðustu ár. .Randi kemur fjóra laugardaga: 31. janúar, 21. febrúar, 7. mars og 25. apríl. Boðið verður upp á hóptíma (mest 3 í hóp) og einkatíma, hver tími verður 45 mínútur. Einkatími kostar 5.000 kr. en verð á hóptímum fer eftir þátttöku. Þetta námskeið er ætlað öllum! Skráning er til 29. janúar. Randi verður einnig með sýnikennslu laugardaginn 21. febrúar þar sem hún mun sýna okkur tvo ólíka hesta og hvernig best er að vinna með þá. Sýnikennslan byrjar klukkan 15, tekur 45 mínútur og það kostar 1.000 krónur inn. Járninganámskeið Styrmir Sæmundsson ætlar að halda járninganámskeið. Það verða einungis 4 í hóp svo það er best að skrá sig sem fyrst! Námskeiðið tekur tvö kvöld, verður haldið í Búðardal, þú kemur með járningargræjurnar, tvo hesta og góða skapið. Námskeiðið kostar 10.000 kr.

Við skráningum taka (í allt ofantalið):
Heiðrún Sandra 772 0860, hsandra@is.enjo.net
Svanborg 895 1437, svanborgjon@simnet.is
Fjóla 695 6576, bossalingur89@simnet.is
Styrmir 434 7860, gufudalur@gmail.com

## Knattspyrna

Fótboltaæfingar verða í boði á vegum ungmennafélaganna á sparkvellinum í Búðardal fyrir krakka í 5. – 10. bekk. Æfingarnar verða á mánudögum 16. febrúar – 4. maí kl. 17:30 – 18:30 og fimmtudagana 9./16. og 30. apríl og 7. maí kl. 16:00 – 17:00. Þátttökugjald er kr. 6.000,- (kr. 10.000,- fyrir tvö eða fleiri börn í sömu fjölskyldu). Það er svo hægt að fylgjast með gangi mála á facebook með því að fylgja hópnum fótboltaæfingar UDN 2014/15. Leiðbeinandi veður Guðni Albert Kristjánsson og fer skráning fram hjá honum í síma 849 7336 eða á netfangið udn@udn.is. Við skráningu þarf að koma fram nafn og aldur barns ásamt netfangi foreldra.



## Félagsstarf skólans

Félagsstarf skólans hefur verið undanfarið í höndum Katrínar Lilju Ólafsdóttur. En hún er í veikindaleyfi og mun Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir taka við því. Starfið verður fjölbreytt að vanda og verður einu sinni aðra hverja viku í Auðarskóla. Tímasetningar og hvaða dagar þetta verður, verður auglýst í skólanum síðar.



## Sund/blak

18 - 29. maí verður sundnámskeið fyrir börn fædd 2009 – 2010 í sundlauginn Í Búðardal. Verð og nánari tímasetningar verða auglýstar þegar nær dregur. Kennarar Einar Jón og Anna Sigga

### Blak

Blakæfingar fyrir nemendur í 1. – 4. bekk verða í Dalabúð á mánudögum milli 13:45 og 15:00. Markmiðið með þessum æfingum er að kynna íþróttina fyrir iðkendum og vonandi leggja grunn að áframhaldandi blakiðkun. Hópaskipting og skipulag æfinganna mun ráðast af þátttöku. Mikilvægt er að barnið sé skráð í greinina og geri sér grein fyrir skuldbindingunni sem því fylgir að vera skráður. Þessar æfingar eru ekki gæsla heldur skipulögð starfsemi. Þátttaka er gjaldfrjáls.










# HREYSIÐ

Félagsmiðsstöð

Hreysið félagsmiðsstöð

## HVENAR

**Þriðjudaga Jan - Mai.**
**18:30 – 22:00**

## HVAR

**Dalabúð undir matsalnum**

Miðbraut 8, 370 Búðardal

Allir velkomnir í 8 – 10 bekk.

Frekari upplýsingar að finna á heimasíðu Hreysisins

**FACEBOOK.COM/HREYSIÐ**

## FYRIR 8 - 10 BEKK.

## Í BOÐI ER

Borðtennisborð
Fótboltaspil
DVD
Tónlist
Lærdómshorn
Borðspil
Skák
Playstation 3

Og fleira sem ykkur dettur í hug að gera.

## TAKA MEÐ

Það er hægt að tengja flakkara og tölvur við sjónvarpið svo endilega komið með ykkar flakkara eða tölvu ef þið viljið horfa á einhvað sérstakt eða hlusta á ykkar tónlist og svo Góða skapið ☺



# Íþróttamiðstöðin að Laugum

## Íþróttamiðsstöðin að Laugum.

Opið verður til reynslu fyrir alla í sund á þriðjudögum frá kl. 15:30. Engin tími er laus í íþróttasalnum fram að páskum nema um helgar og frá og með 1. janúar verður bumbubolti lagður niður. Þeir sem vilja spila fótbolta eru beðnir að hafa samband við Guðna hjá UDN, en UDN verður með tvær fótboltaæfingar í viku á Laugum eftir áramót. Opnunartími sundlaugarinnar miðast að hluta til við æfingar í húsinu. Þeir sem vilja koma sérstaklega að synda er velkomið að hafa samband við forstöðumann upp á möguleika á að synda í lauginni fyrir utan opnunartíma. T.d. er hægt að synda þá daga sem Ungmennabúðirnar eru með opið því þá er sundvörður á svæðinu, en því miður er ekki pláss í pottinum. Ungmennabúðirnar nýta laugina á mánudögum kl. 20-21, þriðjudögum kl. 20 - 21 og miðvikudögum kl. 17 - 18 (mjög fáir unglingar sem nýta þá opnun).

Þá geta hópar samið um séropnun með fyrirvara. Starfsemi er að öllu jöfnu á Laugum mánudaga—fimmtudaga kl. 8-18





## Opnunartímar

Þriðjudagar: 15:30 - 20:00

Miðvikudagar: 18:00 - 21:45

Fimmtudagar: 15:30 - 18:00

## Íþróttamiðstöð Laugum

☎ 434 - 1465 / 861 - 2660

*laugar@umfi.is*

www.ungmennabudir.is

# TÓMSTUNDATAFLAN 2015

| | 2015 | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Febrúar | | Mars | | Apríl | | Mai | |
| 1 | S | | S | | M | Meistaflokkur UDN | F | Verkalýðsdagurinn/Stormur |
| 2 | M | Meistaflokkur UDN | M | Fótbolti/Meist.UDN | F | Skírdagur | L | |
| 3 | Þ | Hreysið | Þ | Glíma/Hreysið | F | Stormur | S | |
| 4 | M | Meistaflokkur UDN | M | Meistaflokkur UDN | L | | M | Fótbolti/Meist.UDN |
| 5 | F | Handbolti/Karfa | F | Badminton | S | Páskadagur | Þ | Glíma/fél. Skólans |
| 6 | F | Stormur | F | Stormur | M | Meistaflokkur UDN | M | Meistaflokkur UDN |
| 7 | L | | L | | Þ | Glíma/fél. Skólans | F | Fótbolti |
| 8 | S | | S | Baráttudagur kvenna | M | Meistaflokkur UDN | F | Stormur |
| 9 | M | Meistaflokkur UDN | M | Fótbolti/Meist.UDN | F | Fótbolti | L | |
| 10 | Þ | Félagsstarf skólans | Þ | Glíma/fél. Skólans | F | Stormur | S | Mæðradagurinn |
| 11 | M | Meistaflokkur UDN | M | Meistaflokkur UDN | L | | M | Meistaflokkur UDN |
| 12 | F | Söngvakeppni Samfés | F | Badminton | S | | Þ | Glíma/Hreysið |
| 13 | F | Stormur | F | Samfestingurinn | M | Fótbolti/Meist.UDN | M | Meistaflokkur UDN |
| 14 | L | Valentínusardagur | L | Samfestingurinn | Þ | Glíma/Hreysið | F | Uppstigningardagur |
| 15 | S | | S | Samfestingurinn | M | Meistaflokkur UDN | F | Stormur |
| 16 | M | Fótbolti/Meist.UDN | M | Fótbolti/Meist.UDN | F | Fótbolti | L | |
| 17 | Þ | Glíma/Hreysið | Þ | Glíma/Hreysið | F | Stormur | S | |
| 18 | M | Meistaflokkur UDN | M | Meistaflokkur UDN | L | | M | Meistaflokkur UDN |
| 19 | F | Badminton | F | Badminton | S | | Þ | |
| 20 | F | Stormur | F | Stormur | M | Fótbolti/Meist.UDN | M | Meistaflokkur UDN |
| 21 | L | | L | | Þ | Glíma/fél. Skólans | F | |
| 22 | S | Konudagur/Góa byrjar | S | | M | Meistaflokkur UDN | F | Stormur |
| 23 | M | Fótbolti/Meist.UDN | M | Fótbolti/Meist.UDN | F | Sumardagurinn fyrsti | L | Skerpla byrjar |
| 24 | Þ | Glíma/fél. Skólans | Þ | Glíma/fél. Skólans | F | Stormur | S | Hvítasunnudagur |
| 25 | M | Meistaflokkur UDN | M | Meistaflokkur UDN | L | | M | Meistaflokkur UDN |
| 26 | F | Badminton | F | Árshátíð Auðarskóla | S | | Þ | |
| 27 | F | Stormur | F | Stormur | M | Fótbolti/Meist.UDN | M | Meistaflokkur UDN |
| 28 | L | | L | | Þ | Glíma/Hreysið | F | |
| 29 | | | S | Pálmasunnudagur | M | Meistaflokkur UDN | F | Stormur |
| 30 | | | M | Fótbolti/Meist.UDN | F | Lyngbrekkuball | L | |
| 31 | | | Þ | Glíma/Hreysið | | | S | |

UDN